

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2014

Tilvísun: 201411-0074/0.03.02

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bættu hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði, 209. mál

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar um umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem barst í tölvupósti 24. nóvember sl.

Vinnueftirlitið fer með framkvæmd laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, en aðalmarkmið þeirra er að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma. Á grundvelli ofangreindra laga hefur verið sett reglugerð nr. 921/2006 um varnir gegn hávaða á vinnustöðum og fer Vinnueftirlitið með framkvæmd hennar. Stofnunin hefur staðið fyrir forvörnum á þessu sviði með útgáfu leiðbeininga, námskeiðshaldi o.fl. Eftirlit er haft með framkvæmd fyrrgreindrar reglugerðar og gefin fyrirmæli um úrbætur ef vinnuumhverfi starfsmanna er ekki í samræmi við hana. Stofnunin hefur jafnframt mælt hávaða og hljómburð í kennsluhúsnæði víða á landinu.

Stofnunin vill vekja athygli nefndarmanna á því að Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnueftirlitið og Mannvirkjastofnun gáfu nýverið út handbókina „Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun“, en höfundur hennar er Dr. Valdis Ingibjörg Jónsdóttir. Er handbókinni ætlað að uppfærða kennara um rödd, hlustun og umhverfi og að leiðbeina þeim sem vilja gera úttekt á umhverfi skóla bæði hvað varðar, hljóðvist, hávaða og inniloft.

Vinnueftirlitið tekur undir það að þörf sé á því að fara yfir lög og reglur er gilda um hljóðvist í kennsluhúsnæði. Raunar er nú þegar verið að endurnýja staðal ÍST 45 um hljóðvist í húsnæði, þ.m.t. kennsluhúsnæði. Það er staðall sem vísað er til í byggingarreglugerð. Telur stofnunin að nauðsynleg sé að uppfæra reglugerð nr. 921/2006 um varnir gegn hávaða á vinnustöðum þannig að hún kveði skýrar á um hávaðamörk. Stofnunin vill ennfremur koma því á framfæri að hávaði í skólum veldur ekki aðeins álagi fyrir starfsmenn, heldur einnig nemendur, þ.e. ávinningur af úrbótum skilar sér til allra.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna að þingsályktun:

Þar sem Vinnueftirlitið fer með framkvæmd ofangreindrar reglugerðar auk þess sem innan stofnunarinnar er víðtæk þekking á hávaðamörkum og hljóðvist þá leggur Vinnueftirlitið til að ofangreindri tillögu að þingsályktun verði breytt á þá leið að starfshópin, sem lagt er til að verði settur á laggirnar, skipi einnig fulltrúi frá Vinnueftirlitinu.

Vinnueftirlitið vill einnig benda á að skilja má 2. málsgrein greinargerðar með tillögunni að þingsályktun þannig að kennarar séu ekki starfsmenn og njóti því ekki þeirrar verndar sem reglugerð nr. 921/2006 um varnir gegn hávaða á vinnustöðum kveður á um. Það skal áréttað að kennarar teljast starfsmenn og njóta allrar þeirrar verndar sem vinnuverndarlöggjöfin kveður á um.

Virðingarfyllst
fh. Vinnueftirlitsins

Eyjólfur Sæmundsson

Sigurður Karlsson